

UMSÖGN

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillögur um hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar

Fjármála- og áhættustýringarsviðs hefur rýnt tillögur velferðarsviðs um hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar. Tillögurnar fela í sér að viðmiðunarmörk grunnfjárhæða hækka um 5% og er gert ráð fyrir að breytingarnar taki gildi frá og með 1. júlí 2023.

Með tillögum fylgir kostnaðarmat velferðarsviðs en gert er ráð fyrir kostnaður við breytingarnar nemi 180 m.kr. á ársgrundvelli. Kostnaðaraukinn árið 2023 fyrir tímabilið júlí til desember nemur því um 90 m.kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmatið og gerir ekki athugasemdir. Vakin er þó athygli á því að kostnaðarmatið byggir á forsendu um áætlaðan fjölda notenda á síðari hluta ársins og að endurgreiðsluhlutfall ríkisins verði á bilinu 35%-40%. Nokkur óvissa er um þessar forsendur en gangi þær eftir er útlit fyrir að breytingin rúmist innan núverandi áætlunar.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs